

desember 1968 um leyfi til togveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld 2. gr. auglýsingar nr. 40 5. febrúar 1963 með síðari breytingum, um verndun fiskimiða fyrir veiði með þorskanetjum.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 27. febrúar 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði, nr. 26 31. janúar 1967, sbr. auglýsingu um breytingu á þeirri gjaldskrá nr. 332 9. desember 1968.

1. gr.

Eftirtaldir liðir gjaldskrárinnar hækka um 20% :

A-liður 1. gr., 2. gr., A-liður 3. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr. og A-liður 7. gr.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um loftferðir, nr. 24 21. maí 1964, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. febrúar 1969.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gjald af fob-verði bifreiða og bifhjóla.

1. gr.

Gjald samkvæmt 16. gr. laga nr. 4/1960 skal innheimt við tollafgreiðslu. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum að burðarmagni minna en 3 tonn, að undanskildum almenningsbifreiðum skv. nr. 87.02.20 í tollskrá, sjúkra-, bruna- og snjóbifreiðum, svo og bifreiðum, sem eru hvort tveggja lögreglu- og sjúkrabifreiðar, samkv. nr. 87.02.38 í tollskrá.

2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum er ákveðið 60% af fob-verði eða eftir atvikum matsverði bifreiða, án tillits til þess, hvort bifreiðin er notuð eða ný, öðrum en jeppabifreiðum skv. nr. 87.02.37 í tollskrá, en af þeim skal greiða 15% gjald. Gjald af bifhjólum er á sama hátt ákveðið 15% af fob-verði.

3. gr.

Bifreiðastjórar, sem hafa kennslu í bifreiðaakstri að aðalstarfi, leigubifreiðastjórar, sem hafa akstur allt að 8 farþega leigubifreiðar til fólksflutninga að aðalstarfi og sendiferðabifreiðastjórar, sem hafa akstur allt að 3 tonna sediferðabifreiðar að aðalstarfi, mega við tollafgreiðslu greiða 15% gjald af fob-verði bifreiðar í reiðu fé, en eftirstöðvarnar (45%) með skuldabréfi. Þeir bifreiðastjórar, sem hafa öku-kennslu að aukastarfi og þeir leigu- og sendiferðabifreiðastjórar, sem hafa aksturinn að aukastarfi, mega við tollafgreiðslu greiða 45% gjald af fob-verði bifreiðanna í reiðu fé, en eftirstöðvarnar (15%) með skuldabréfi.

Taka skal veð í viðkomandi bifreiðum fyrir þeirri upphæð, sem greidd er með skuldabréfi. Veðskuldabréf þessi skulu afskrifuð með jöfnum mánaðarlegum upphæðum, þannig að veðskuldin sé að fullu fallin niður að þremur árum liðnum frá undirskrift bréfsins, þegar um er að ræða skuld leigu- eða sendiferðabifreiðastjóra, sem hefur greitt 45% gjald með skuldabréfi en að fimm árum liðnum þegar um er að ræða skuld ökukennara svo og bifreiðastjóra, sem greitt hefur 15% gjald með skuldabréfi miðað við það, að hann hafi akstur leigu- og sendiferðabifreiða að aukastarfi.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 16. sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, tekur þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 171/1967 um gjald af fob-verði bifreiða og bifhjóla.

Fjármálaráðuneytið, 7. marz 1969.

Magnús Jónsson.

Jón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja
nr. 30 16. maí 1966.

1. gr.

Við Viðauka 2 við reglugerðina bætist í 5. lið hámarksskammtar fullorðinna:

	Einst. sk.	Dagsk.
Amitriptylinum	50 mg	150 mg
Carbimazolom	10 mg	20 mg
Chloralodolum	4.8 g	4.8 g
Dihydroergotamini mesylas:		
til inntöku	4 mg	12 mg
til inndælingar	1 mg	3 mg
Flubenisolonum	2 mg	4 mg
Methaqualoni chloridum	0.6 g	0.6 g
Methocarbamolom	2 g	8 g
Methyldopum	0.5 g	2 g
Phenformini chloridum	50 mg	100 mg
Pyrimethaminum	30 mg	30 mg